

Breytingar í evrópsku vísindasamstarfi

Stjórn mála vegi vísinda og tækni vex í Evrópu og álfan sem eitt vísindasvæði er markmið sem [ESB](#) vinnur að. Rætt er um tvöföldun á umfangi næstu rammaáætlunar ESB um rannsóknir og tækniþróun til að framfylgja þessu markmiði. Þetta kom fram á fundi í ráðuneytinu 1. mars þar sem vísindafulltrúi ráðuneytisins við sendiráðið í Brussel greindi frá breytingum sem vænst er að verði á umgjörð vísinda- og tæknisamstarfsins með 7. rammaáætlun um rannsóknir og tækniþróun sem hefst 2006.

Fundinn sóttu fulltrúar háskóla, rannsóknastofnana, stjórnarnefndafulltrúar, starfsfólk [Rannís](#), starfsmenn ráðuneyta menntamála og iðnaðar, o.fl. Íslendingar hafa tekið virkan þátt í rammaáætlun ESB frá og með gildistöku samningsins um Evrópska Efnahagssvæðisins. Þátttakan hefur verið árangursrík í mörgum skilningi: Hærrí styrkir hafa komið en sem nemur aðildargjaldi, aðgangur hefur fengist að umfangsmikilli þekkingu og vísindamenn, fyrirtæki og stofnanir hafa myndað tengsl við samstarfsaðila.

Hugmyndirnar sem eru til umræðu fjalla á þessu stigi um umgjörðina fyrir samstarfið og fela í sér að megináhersla verði á fimm þætti: Í fyrsta lagi verður sjálft rannsóknasamstarfið áfram á dagskrá þar sem samstarfsverkefni á afmörkuðum sviðum verða umfangsmest.

Styrkir til grunnrannsókna

Fyrirhugað er að veita styrki til grunnrannsókna og er það nýmæli í samstarfinu. Í öðru lagi verður lögð áhersla á samhæfingu rannsókna sem njóta forgangs í aðildarlöndunum sjálfum, en með þátttöku og framlögum ESB. Nýmæli hér eru stór verkefni þar sem horft er til lengri tíma, sk. tæknigrunnar (Technology Platforms) en þar er gert ráð fyrir umfangsmikilli þátttöku atvinnulífs í verkefnavali, fjármögnun og framkvæmd. Þriðji þátturinn er kallaður mannauður og innviðir (rannsóknaaðstaða, tæki o.þ.h.), enda er það ljóst að ef aðildarlöndin ná því marki sem Lissabon samþykktin felur í sér, þ.e. að 3% af vergri landsframleiðslu renni til rannsókna og þróunarstarfsemi þá vantar 500 þúsund þjálfaða vísindamenn til að tryggja að þetta verði hægt. Sömuleiðis er nauðsynlegt að

styrkja innviði starfseminnar svo þetta megi takast. Í fjórða lagi verður áhersla lögð á samræmingu og opið samráð við vísindasamfélagið, m.a. við skilgreiningu og val á viðfangsefnum. Í fimmta lagi verður leitað eftir virkri þátttöku atvinnulífsins í fjármögnun og framkvæmd, ekki síst því sem lýtur að tæknigrunnun.

Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við 7. rammaáætlun aukist töluvert en ekki er ljóst hver hlutur Íslands verður enda er aðildarlöndum sambandsins að fjölga.

Þessar hugmyndir eru á dagskrá hjá stofnunum [ESB](#) og verða öll tækifæri nýtt til þess að tryggja að hagsmunum Íslendinga verði gætt í nýju fyrirkomulagi. Á fundinum lögðu málshefjendur áherslu á að vel þurfi að fylgjast með framvindu og halda sjónarmiðum okkar á lofti. Menntamálaráðuneytið hét því að efna til reglubundinna kynninga um framvindu málsins.



Um 1100 gestir sóttu ráðstefnu um upplýsingatækni - UT2004

Vel heppnuð ráðstefna um upplýsingatækni í menntun

Árleg ráðstefna menntamálaráðuneytisins um upplýsingatækni í menntun [UT2004](#) var haldin dagana 5.-6. mars. Um 1100 gestir sóttu ráðstefnuna sem fram fór í [Fjölbrautaskólanum í Garðabæ](#). Á ráðstefnunni kynnti menntamálaráðherra áherslur sínar í stefnumótun í upplýsingatækni sem nú stendur yfir. Fram kom að gert verði átak í gerð stafræns námsefnis, að upplýsingatækni verði nýtt til að opna fyrir vídtækt samstarf aðila í þágu menntunar og að horft verði til nýjunga í skipulagi skólustarfs til að nýta möguleika upplýsingatækninnar.

Boðið var upp á úrval fyrirlestra, málstofur og sýnistofur þá tvo daga sem ráðstefnan stóð. Athygli vakti framgangur Curtis J. Bonk aðalfyrirlesara frá [Indiana University](#) sem kom fram í gerfi þekktra kvikmynda- og teiknimyndapersóna. Annar aðalfyrirlesari, David Wood frá [Nottinghamháskóla](#), vakti þátttakendur til umhugsunar um hvert stefnir í notkun

upplýsingatækninnar í framtíðinni og jákvæð og neikvæð áhrif hennar á menntun. Góður rómur var einnig gerður að máli fjölmargra íslenskra fyrirlesara sem fjölluðu um notkun upplýsingatækni á öllum skólastigum.

Menntamálaráðuneytið þakkar öllum þeim sem þátt tóku í ráðstefnunni, fyrirlesurum, gestum, sýnendum og þeim sem komu að undirbúningi. Stefnt er að því að ráðstefnan UT2005 verði haldin fyrstu helgina í mars að ári.

Dómnafnd um hátíðarbúning íslenskra knapa

Menntamálaráðherra hefur skipað dómnafnd sem hefur það hlutverk að efna til lokaðrar samkeppni um hátíðarbúning fyrir íslenska knapa. Dómnafndinni verður síðan falið að velja einn hönnuð til að vinna áfram að útfærslu búningins. Þess er vænst að dómnafndin ljúki störfum í sumar.

Ætlunin er að búningurinn verði fyrst og fremst notaður við hátíðleg tækifæri við sérstök opinber tilefni og sem hátíðarbúningur íslenska landsliðsins í hestaiþróttum.

Dómnafndinni ber að hafa að leiðarljósi að búningurinn falli vel að íslenskrri menningu um leið og hann sé nútímalegur og þægilegur. Menntamálaráðuneyti og [landbúnaðarráðuneyti](#) veita í sameiningu 1,5 milljón kr. til samkeppninnar. Dómnafndina skipa Lovísa Árnadóttir, formaður, tilnefnd af menntamálaráðuneyti, Jónas R. Jónsson, umboðsmaður íslenska hestsins, tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti, Oddný Kristjánsdóttir,

klæðskerameistari, tilnefnd af Þjóðbúningaráði, Björg Ingaóttir, hönnuður, tilnefnd af [Fatahönnunarfélagi Íslands](#) og Gísli B. Björnsson, teiknari, tilnefndur af [Landssambandi hestamannafélaga](#).

Dómnafnd um menningarhús á Akureyri

Menntamálaráðherra hefur skipað dómnafnd sem standa á fyrir opinni samkeppni um hönnun menningarhúss á Akureyri. Dómnafndin er skipuð í kjölfar samkomulags ríkisstjórnar og [Akureyrarbæjar](#) um byggingu menningarhúss á Akureyri og skýrslu verkefnisstjórnar fyrir framkvæmdina. Húsið mun rísa á uppþyllingu við Torfunesbrýggju og verður vettvangur menningarstarfsemi á Norðurlandi. Dómnafndin ráðgerir að auglýsa eftir tillögum um hönnun hússins með vorinu. Heildarkostnaður við bygginguna er áætlaður rúmum 1,2 milljarðar kr.

Dómnafndina skipa Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri, formaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti, Sigrún B. Jakobsdóttir, formaður menningarmálanefndar Akureyrar og Oddur Helgi Halldórsson, bæjarfulltrúi, tilnefnd af Akureyrarbæ, Þorvaldur S. Þorvaldsson, arkitekt og Guðrún Ingvadóttir, arkitekt, tilnefnd af [Arkitektafélagi Íslands](#). Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum í ágústlok.

